



Tillaga um heimild til hækkunar hlutafjár í tengslum við kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllum hlutum í Vísi hf.

Stjórn leggur til að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

„Hluthafafundur haldinn 18. ágúst 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnvirði kr. 145.939.749. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt í tengslum við kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllum hlutum í Vísi hf. í samræmi við undirritaða kaupsamninga þann 10. júlí 2022. Í kaupsamningi er miðað við meðalgengi síðustu fjögurra vikna fyrir dagsetningu kaupsamninga, sem er 95,93 en greiðsla nemur 70% af kaupverði og greiðist hækkun því að öllu leyti með hlutum í Vísi hf.

Hluthafar falla frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3.mgr. 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Heimildin er veitt til 12 mánaða frá dagsetningu hluthafafundarins.

Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar.“

Tillögu þessa skal taka upp í samþykktir félagsins sem ákvæði 2.2.